



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 50 ára afmæli Menntaskólans á Laugarvatni
12. apríl 2003

Heiðraði skólameistari,
kennarar, nemendur
og aðrir góðir gestir.

Stofnun Menntaskólans á Laugarvatni fyrir hálfri öld var löngu tímabær yfirlýsing um breytta skólastefnu og byggðapróun, um jafnrétti til náms og áherslur sem þroska og þjálfa fjölbreytta hæfileika unga fólksins.

Um aldir hafði æðri menntun verið bundin embættisstétt og ráðandi öflum, skólastarfið staðfesting um óbreytt ástand, kennsluskráin sömu gerðar frá kynslóð til kynslóðar og mælikvarðinn helgaður kröfum sem spruttu af þjónustu við ríkisvaldið.

Menntaskólinn á Laugarvatni var annarar ættar. Í blómlegri sveit, fjarri þungamiðju höfuðborgar, var brotin leið fyrir bændasyni og bændadætur, íbúa úr dreifðum byggðum til æðri mennta; námi og kennslu valin umgjörð sem mótaði lifandi samfélag og batt vináttubönd sem reyndust traust þótt skólafélagar fetuðu síðar ólíkar slóðir.

Það er erfitt fyrir okkur að skilja til hlítar hve nýstárleg sú viðleitni var að efla menntaskóla á Laugarvatni, því nú þykir sjálfsagður sá réttur íbúa í landsins byggðum að eiga greiðan aðgang að fjölbreyttu námi, ýmist í heimabyggð eða með skipulagðri fjarkennslu. Nú er þjóðfélagið allt orðið einksonar menntastöð þar sem símenntun, endurmenntun og fjölmenntun eru viðfangsefni fólks á öllum aldri.

Menntaskólinn á Laugarvatni var brautryðjandi sem sannfærði þjóðina um nýjar leiðir og veitti hundruðum ungmenna aðgang að

menntabrautum sem ella hefðu reynst þeim torsóttar.

Hér stóðu öllum opnar dyr og hvorki auður né uppruni réðu úrslitum um skólagöngu; kennarar og nemendur gerðu skólann að lifandi heild, samfélagi þar sem straumar tímans höfðu oft mögnuð áhrif.

Hér hafa svo sannarlega margir merkir menn, karlar og konur, komið að góðu verki og á þessari hátíðarstundu hugsum við til þeirra með mikilli þökk.

Á engan er hallað þótt ég nefni hér meistarana Jóhann Hannesson og Kristin Kristmundsson sem stýrðu skólanum þorra þessa langa skeiðs. Jóhann bar með sér ferskan andblæ heimsmenningar og nýrrar hugsunar, umskóp íslensk menntaviðhorf með orðum og athöfn; Kristinn traustur fulltrúi klassískrar menningar og íslenskra mennta, víðsýnn og ráðagóður þegar unga fólkið krafðist áhrifa í takt við byltingarandann sem umrótí olli víðast hvar á Vesturlöndum.

Menntaskólinn á Laugarvatni býr að merkri arfleifð, fjölþættri sögu sem skapar honum traustar rætur í framtíðinni, en hann heilsar um leið nýjum tímum staðráðinn í að láta áfram að sér kveða.

Það er heillandi framtíð sem blasir við og aldrei hafa tækifæri nýrra kynslóða verið slík; þekkingarleitin getur nú nýtt heiminn allan sem uppsprettulind, menntunin fengið ögrandi krafta úr öllum áttum.

Einmitt nú getur sú hugsun sem fylgdi stofnun Menntaskólans á Laugarvatni orðið traustur leiðarvísir, að allir eigi að hafa jafnan rétt og menntunin ávallt að vera sameign þjóðar, að íbúar Íslands sitji allir við sama borð.

Sú lýðræðishugsjón og byggðasýn sem voru mótunarafl þessa merka skóla eru brýnni nú en nokkru sinni og það er einlæg von mín að þær verði aðal menntastarfs á nýrri öld. Á þann hátt felur Menntaskólinn á Laugarvatni í sér áminningu til okkar allra um að villast ekki af leið.

Ég óska ykkur Laugvetningum, kennurum, nemendum og starfsfólki til hamingju með merkan áfanga í sögu skólans og vona að þjóðin megi áfram njóta þess í framfarasókn og menningarlífi að fá héðan á ári hverju öfluga liðsmenn.